

Future sýning - Jóel Sæmundsson kemur til ykkar árið 2026

From Þórunn Elva Þorgeirsdóttir <thorunn@totalevents.is>

Date Thu 2025-11-20 13:23

To tota@joels.is <tota@joels.is>

Góðan dag,

Þórunn Elva heiti ég og er framleiðandi að sýningunni *Future*, sem Jóel Sæmundsson, leikari er nú að setja upp fyrir árið 2026. Jóel hefur haldið fyrirlestra fyrir yfir þrjú hundruð stór og smá fyrirtæki landsins með mjög góðum undirtektum en nú er hann að gera sýningu byggða á þessum fyrirlestrum nema bara stærri, lengri og betri í “listrænna” sýningarformi.

Við erum þessa dagana að skipuleggja ferðalög sýningarinnar um landið í vetur og höfum mikinn áhuga á að koma í ykkar sveitarfélag. Jóel, verandi sjálfur úr Þórshöfn skilur þörfina á því að fá einhven tíman eitthvað heim í bæ en ekki að þurfa endilega að sækja stærri bæi fyrir skemmtilega viðburði. Hann stefnir því að því að ferðast til allra bæja og sveitarfélaga sem hafa 200 eða fleiri bæjarbúa á Íslandi allan næsta vetur. Nú eruð þið kannski orðin forvitin að vita um hvaða sýningu ræðir en [hér](#) má sjá lítið sneak peak sem gefur ekki endilega til kynna um hvað sýningin er heldur frekar um hversu vel fólk skemmtir sér.

Þar komið þið inn, okkur langaði að athuga hvort að sveitarfélagið ykkar veiti einhvers konar stuðning þegar menningarviðburðir eða leiksýningar heimsækja staðinn, svo sem:

- frítt húsnæði eða afslátt af sýningarsal sem ykkur finnst henta í þetta
- ferðastyrk
- annan stuðning sem gæti auðveldað okkur að koma með sýninguna til ykkar

Slíkur stuðningur getur skipt sköpum til þess að geta boðið íbúum landsins upp á skemmtilega sýningu sem er einnar sinnar tegundar, óháð staðsetningu.

Ef þetta er eitthvað sem þið viljið skoða nánar með okkur væri það frábært og mjög þakkarvert! Ég get næstum því lofað ykkur því að þið sjáið ekki eftir því!

Annað sem gæti gagnast okkur gríðarlega vel er að fá upplýsingar um þennan “eina í bænum” sem veit allt um allt. Öll sveitarfélög eiga einn “græjara” og það væri gott að fá contact eða netfang á þá manneskju sem gæti aðstoðað okkur að tengja okkur við t.d bestu húsnæðin sem myndu henta undir svona, við tækni/hljóðmenn ef einhverjir eru í bænum og upplýsingar um tímabil/dagsetningar sem ykkur finnst henta best fyrir svona viðburð í vetur í ykkar sveitafélagi.

Ef einhverjar spurningar vakna eða þið þurfið frekari upplýsingar ekki hika við að hafa samband við mig hér. Nú eða ef þið elskið símtöl eins og ég, þá er velkomið að hringja í mig í síma 692-4516.

Að lokum vil ég þakka þér/ykkur kærlega fyrir að lesa þennan póst til enda!
Með von um góðar undirtektir, við sjáumst fersk í vetur!

Bestu kveðjur,
Þórunn Elva

Framleiðandi Framtíðarinnar

thorunn@totalevents.is

tota@joels.is

s:6924516